

1990 nr. 10 26. febrúar**Lög um laun forseta Íslands**

Tóku gildi 28. febrúar 1990. Breytt með l. 84/2000 (tóku gildi 1. ágúst 2000) og l. 141/2003 (tóku gildi 30. des. 2003).

■ **1. gr.** Launakjör forseta Íslands skulu ákveðin af Kjara-dómi.

■ **2. gr.** Forseti hefur ókeypis bústað, ljós og hita . . . ¹⁾

□ . . . ¹⁾

¹⁾ L. 84/2000, 1. gr.

■ **3. gr.** Allan útlagðan kostnað forseta vegna rekstrar embættisins ber að greiða sérstaklega úr ríkissjóði.

■ **4. gr.** Sá sem kjörinn hefur verið til og gegnt hefur embætti forseta Íslands á rétt til launa skv. 1. gr. í fyrstu sex mánuði eftir að látið er af embætti. Taki fyrrverandi forseti stöðu í þjónustu ríkisins fellur þessi launagreiðsla niður ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærrí laun, ella greiðist launamismunurinn til loka sex mánaða tímans.

■ **5. gr.** . . . ¹⁾

¹⁾ L. 141/2003, 21. gr.

■ **6. gr.** . . . ¹⁾

¹⁾ L. 141/2003, 21. gr.

■ **7. gr.** Handhafar forsetavalds skv. 8. gr. stjórnarskrárinnar skulu samanlagt njóta jafnra launa og laun forseta eru þann tíma sem þeir hverju sinni fara með forsetavald um stundarsakir. Skulu launin skiptast að jöfnu milli þeirra.

□ Handhafar forsetavalds skulu fá greiddan útlagðan kostnað vegna starfans.

■ **8. gr.** . . .

■ **9. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

■ **[Ákvæði til bráðabirgða.** Forsætisráðherra skal skipa nefnd til að endurskoða lög þessi og önnur lög sem kunna að hafa áhrif á kjör forseta Íslands. Meðal annars skal nefndin fjalla um hvort ástæða sé til að breyta fyrirkomulagi á ákvörðun launa forseta Íslands þannig að annar aðili en Kjara-dómur úrskurði um þau. Störf nefndarinnar skulu miðast við að nýtt fyrirkomulag geti eftir því sem við á tekið gildi eigi síðar en að loknu kjörtímabilinu 2000–2004, þ.e. 1. ágúst 2004.]¹⁾

¹⁾ L. 84/2000, 2. gr.